

## Haustmót T.R. 2010 – Mesta þátttaka og sterkasta mót síðari ára

Haustmót Taflfélags Reykjavíkur hefur verið haldið árlega frá fjórða áratugi síðustu aldar og er eitt vinsælasta skákmótið í íslensku skáklífi.

Hið mikla aðdráttarafl Haustmótsins er ekki síst það fyrirkomulag að teflt er í lokuðum tíu manna flokkum þar sem allir tefla við alla. Raðað er í flokka eftir skákstigum og þannig tryggt að styrkleikamunur keppenda í hverjum flokki er ekki mikill og þannig verða viðureignir hverrar umferðar mjög spennandi. Eðlilega finnst keppendum æskilegast að vera með þeim stigalægstu í sínum flokki til að meiri möguleiki sé á stigagróða. Síðasti flokkurinn er opinn flokkur þar sem tefldar eru níu umferðir eftir svissneska kerfinu.

Haustmótið 2010 er jafnframt 110 ára afmælimót félagsins og er öll umgjörð hin glæsilegasta.

Verðlaunafé er tæplega kr. 400.000 og eru fyrstu verðlaun kr. 180.000 en slíkar upphæðir eru sjaldséðar í skákmótum hérlendis. Stærsti heiðurinn felst þó í að ná í hinn eftirsóttta titil, skákmeistari Taflfélags Reykjavíkur, en hann hlýtur sá meðlimur félagsins sem verður efstur að móti loknu. Í ár berjast tveir skákmenn um þann sögufræga titil.

Að þessu sinni eru 64 keppendur (einn fyrir hvern reit skákborðsins?) skráðir til leiks sem er þátttökumet, a.m.k. hin síðari ár. Til samanburðar má geta þess að árið 2009 voru keppendur 48 tallsins, árið 2008 62 en aðeins 31 árið 2007 og 33 árið 2006 (útrásarárin miklu). Einn stórmeistari, tveir alþjóðlegir meistarar og einn Fide meistari eru á meðal þátttakenda.

Mótið í ár er einnig eitt hið sterkasta, ef ekki það sterkasta, í sögu Haustmótanna. Er það þrátt fyrir að mótahaldið gjaldi nokkuð fyrir Ólympíumótið sem haldið er óvenju snemma í ár, líklega vegna mikilla kulda í Síberíu á hefðbundnari tímum, og skarast á við Haustmótið. Íslendingar eiga að venju fulltrúa þar sem flestir hefðu verið með í Haustmótinu.

Lokuðu flokkarnir eru fjórir að þessu sinni og er það aðeins í annað sinn sem það gerist á síðustu árum. Það gerðist einnig árið 2008 en það mót var nokkuð veikara en mótið í ár. Það er athyglisvert að bera saman Haustmótið 2010 við Haustmót síðustu þriggja ára en eftirfarandi tafla sýnir meðalstig lokaðra flokka hvers árs:

	2010	2009	2008	2007
<b>a-flokkur</b>	2255,6	2244	2181,4	2190,7
<b>b-flokkur</b>	2047,2	1902,1	1972,8	opinn
<b>c-flokkur</b>	1866,9	1599,6	1857,9	

<b>d-flokkur</b>	1582	opinn	1698,7	
------------------	------	-------	--------	--

A-flokkur er nokkuð svipaður að styrkleika og árið 2009 og er líkast til með þeim sterkari í sögunni eins og fyrr segir. Hinsvegar er nánast hægt að fullyrða að b-flokkurinn sé sá sterkasti enda eru þar margir keppendur sem eiga fullt erindi í a-flokkinn. Sveiflur c-flokks eru athyglisverðar en veikur flokkur árið 2009 skýrist af því að aðeins tveir keppendur í mótinu voru á stigabilinu 2000-2200 samanborið við ellefu í ár!

Mjög fróðlegt er að skoða skipan flokkanna í ár og erfitt er að spá í spilin. Að venju eru þeir skemmtilega blandaðir af ungum og upprennandi meisturum ásamt eldri og reyndari kempum.

A-flokkur:

G			Bolungarví
M	Þröstur Þórhallsson	2381	k
IM	Guðmundur Kjartansson	2373	TR
	Guðmundur Gíslason	2346	Bolungarví
			k
FM	Sigurbjörn Björnsson	2300	Hellir
	Sverrir Þorgeirsson	2223	Haukar
	Þorvarður Ólafsson	2205	Haukar
	Gylfi Þórhallsson	2200	SA
	Jón Árne Halldórsson	2194	Fjölnir
	Daði Ómarsson	2172	TR
	Sverrir Örn Björnsson	2161	Haukar

Langt er síðan stórmeistarinn, Þröstur Þórhallsson, var á meðal keppenda í Haustmótinu en hann var skákmeistari T.R. árin 1995 og 1996. Ferill þratar hefur verið nokkrum þyrnum stráður síðasta áratug og ljóst er að hann má hafa sig allan við til að vera í toppbaráttunni þrátt fyrir að vera stigahæstur keppenda. Skemmtilegt er að sjá norðlendinginn, Gylfa Þórhallsson, á meðal þátttakenda sem og Bolvíkinginn, Guðmund Gíslason, sem hefur farið hamföllum undanfarin misseri og á ekki langt í land með að landa alþjóðlega meistaratitlinum.

Sem fyrr segir á T.R. tvo fulltrúa í a-flokki að þessu sinni, alþjóðlega meistarann, Guðmund Kjartansson, og einn efnilegasta skákmann þjóðarinnar, Daða Ómarsson. Gengi þeirra í ár hefur þó verið ólíkt því á meðan Daði sló í gegn á First Saturday móti í sumar hefur gengi Guðmundar verið heldur brottgengnara. Guðmundur átti þó frábært tímabil árið 2009 og varð þá alþjóðlegur meistari ásamt því að næla sér í leiðinni í stórmeistaraáfanga. Hugsanlega spilar hér inn í krefjandi

háskólanám Guðmundar (á ekki skákin að vera nr. 1?).

Annar ungur og ekki síður efnilegur er Sverrir Þorgeirsson og verður fróðlegt að fylgjast með gengi hans gegn „hákörlunum“. Sigurbjörn Björnsson er sóknjarfur með afbrigðum, Jón Árne Halldórsson er gjarnan ókrýndur jafntefliskóngur í bransanum og Haukamennirnir, Þorvarður Ólafsson og Sverrir Örn Björnsson, hafa til að bera ótrúlega seiglu sem oft hefur komið þeim langt.

Pistlahöfundur telur að Guðmundur G., Sigurbjörn og Þróstur muni berjast um sigurinn. Guðmundur K. þarf að ná sér upp úr lægðinni en ekki kæmi á óvart þó Daði yrði meðal efstu manna. Nokkur stigamunur er milli fjögurra efstu manna og annarra og mun það koma fram í lokastöðunni, utan fyrrnefnds Daða, sem mun koma á óvart.

B-flokkur:

I			
M	Sævar Bjarnason	2148	TV
	Stefán Bergsson	2102	SA
	Jóhann Ragnarsson	2081	TG
	Þór Valtýsson	2078	SA
	Ögmundur Kristinsson	2050	Helli r
	Magnús Magnússon	2046	TA
	Eiríkur K. Björnsson	2038	TR
	Jorge Fonseca	2024	Hau kar
	Kristján Örn Elíasson	1980	SFÍ
	Örn Leó Jóhannsson	1960	SFÍ

B-flokkurinn er afar spennandi og jafn. Hann er mjög líklega sá sterkasti í sögunni. Óvenjulegt er að sjá alþjóðlega meistaran, Sævar Bjarnason, utan a-flokks og verður fróðlegt að sjá hvort aðrir keppendur hafi roð í reynsluna sem hann býr að. Þrátt fyrir að hafa dalað nokkuð á síðustu misserum hlýtur hann þó að teljast sigurstranglegastur í flokknum. Nái hann að halda viðureignum sínum nokkuð rólegum og lokuðum verður erfitt fyrir andstæðingana að brjóta hann á bak aftur.

Stefán Bergsson er afar sveiflukenndur en komist hann í gang er hann til alls líklegur. Hann þarf þó að bæta byrjanakunnáttuna. Næstur á eftir er Garðbæingurinn (býr þó ekki þar), Jóhann Ragnarsson, sem telst vera mjög „solid“ skákmaður og er vel að sér í sínum byrjunum. Þó er auðvelt að lesa hann út, sérstaklega þegar hann stýrir svörtu mönnunum, en óþarfi er hér að nefna hvað hann teflir gegn

1. e4 og 1. d4. Þessir þrír munu verða í toppbaráttunni og stutt verður í næstu menn.

Gaman er að sjá Ögmund Kristinsson við skákborðið á nýjan leik en spurning er hvort hann vanti æfinguna til að blanda sér í baráttuna. Varaformaður T.R., Eiríkur Björnsson, siglir sjálfsagt lygnan sjó en hann á það til að semja fullmörg jafntefli. Kristján Örn Elíasson á erfitt með að tefla gegn stígalægri andstæðingum svo líkast til er hann mjög feginn að vera næststígalægstur í flokknum. Lægstur er svo hinn ungi og efnilegi, Örn Leó Jóhannsson, sem hefur hækkað mikið á stigum að undanförunu og á augljóslega eftir að láta andstæðinga sína hafa fyrir því þó hæpið sé að hann blandi sér í toppbaráttuna að þessu sinni.

C-flokkur:

Siguringi Sigurjónsson	1944	SR
Ólafur Gísli Jónsson	1930	KR
Jón Úlfjótsson	1926	Vikingakl
Sigurjón Haraldsson	1906	TG
Páll Sigurðsson	1884	TG
Jon Olav Fivelstad	1875	TR
Ingi Tandri Traustason	1840	Haukar
Patrick Svansson	1809	SR
Svanberg Már Pálsson	1785	TG
Atli Antonsson	1770	TR

C-flokkur er líkur b-flokki að því leyti að einn unglingur, Svanberg Már Pálsson, berst við eldri kynslóðina. Þá etur hann kappi við föður sinn, Pál Sigurðsson, en slíkar viðureignir eru ávallt skemmtilegar. Jón Úlfjótsson tekur þátt í sínu fyrsta Haustmóti í áratugi og spurning er hvort æfingaleyfi muni hrjá hann.

Barnalæknirinn, Ólafur Gísli Jónsson, og Siguringi Sigurjónsson, teljast sigurstranglegir en augu skulu höfð á Atla Antonssyni sem fór mikinn á nýafstöðnu Hellismóti. Atli er kominn með skák á heilann eftir margra ára hlé.

D-flokkur:

Páll Andrason	1665	SFÍ
---------------	------	-----

Eiríkur Örn Brynjarsson	1650	SFÍ
Dagur Ragnarsson	1607	Fjölur
Guðmundur Kristinn Lee	1595	SFÍ
Hrund Hauksdóttir	1588	Fjölur
Snorri Sigurður Karlsson	1585	Hauka r
Jón Trausti Harðarson	1500	Fjölur
Birkir Karl Sigurðsson	1480	SFÍ
Kristján Heiðar Pálsson	1477	TR
Hjálmar Sigurvaldason	1360	Vinjar

D-flokkurinn einkennist af ungum og upprennandi skákmönnum. Félagarnir, Páll Andrason og Eiríkur Örn Brynjarsson, munu berjast um sigurinn. Stutt verður í næstu keppendur og þá er ekki ólíklegt að Haukamaðurinn, Snorri Sigurður Karlsson, muni þjarma að ungu kynslóðinni.

E-flokkur opinn:

Opni flokkurinn í ár telur að þessu sinni 24 keppendur. Stigahæstir eru Sveinn Gauti Einarsson (1345) og Kristján Þór Sverrisson (1335). Þeir munu án efa berjast um sigurinn en gefa skal gaum að þeim fjölmörgu ungmönnum sem tefla í flokknum. Ber þar helst að nefna hinn sjö ára, Vigni Vatnar Stefánsson, sem talinn er vera eitt mesta efni þjóðarinnar í dag.

Umferðir Haustmótsins eru tefldar á sunnudögum kl. 14 og miðviku- og föstudagskvöldum kl. 19.30 í húsnæði Taflfélags Reykjavíkur að Faxafeni 12. Allar frekari upplýsingar má nálgast á [heimasíðu mótsins](#).

Þórir Benediktsson